

Frá Lífvísindasetri Háskóla Íslands

Reykjavík, 29. nóvember 2018

Lífvísindasetur Háskóla Íslands (e. *Biomedical Center, BMC*) er rannsóknarstofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Lífvísindasetur er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum lífvísinda og heyrir formlega undir Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs, sbr. 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Lífvísindasetur Háskóla Íslands mótmælir áformum um gjaldtöku fyrir umsóknir til Vísindasiðanefndar eins og lagt er til með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að aðrar Norðurlandþjóðir, utan Noregs, hafa tekið upp gjaldtöku vegna umsókna fyrir vísindarannsóknir. Þegar Ísland er borið saman við þessar þjóðir kemur í ljós að fjármagn sem fer til rannsókna og þróunar er mun minna á Íslandi samanborið við Svíþjóð, Danmörk og Finnland. Á meðan aðeins 2,08% af vergri þjóðarframleiðslu fór í þennan málaflokk á Íslandi árið 2016 var um að ræða 2,75-3,25% af vergri þjóðarframleiðslu hjá ofangreindum þjóðum (<https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/visindi-og-taekni/utgjold-til-rannsokna-og-throunar-i-evropu-2016/>). Jafnframt er ljóst að greiðslur vegna leyfa Vísindasiðanefndar við opinberar stofnanir á Íslandi myndu verða teknar af því takmarkaða styrkfé sem um er að ræða sem nýtist þá ekki í rannsóknir. Auk þess ber að geta að nýjar reglur Rannsóknasjóðs Rannís gera kröfu um að umsókn til eða leyfi frá Vísindasiðanefnd liggja fyrir til að hægt sé að skila inn styrkumsókn til sjóðsins. Er því fyrirhuguð gjaldtaka Vísindasiðanefndar hamlandi fyrir styrkumsóknir til vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Árangurshlutfall styrkumsókna til Rannsóknasjóðs Rannís er mjög lágt og hefur lækkað úr 25% í 18,4% frá árinu 2016 til 2018. Á sama tíma hafa ríkisútgjöld til sjóðsins staðið í stað og ekki tekið tillit til launaþróunar eða neysluvísitölu sem rýrir styrkina.

Stór hluti af rannsóknum á heilbrigðissviði eru fjármagnaðar af opinberum aðilum þ.e. rannsóknarsjóðum og vísindasjóðum stofnana. Mögulega eru einhverjar rannsóknir ófjármagnaðar þ.e. gögn liggja fyrir eða rannsóknir eru unnar í vinnutíma, án frekari fjármögnunar. Einhverjar rannsóknir eru fjármagnaðar af einkaaðilum eða af erlendum sjóðum. Af þessu leiðir að ef rukka á umsækjendur vegna vísindasiðanefndar þá er það að færa fé úr rannsóknum þ.e. laun, tækjarekstri og efniskaupum yfir í stjórnsýslu. Verið er að færa fé úr einum vasa hins opinbera yfir í annan, á kostnað rannsóknanna sjálfra. Þá þarf að hækka opinbera styrki til rannsóknarverkefna sem krefjast samvinnu við vísindasiðanefnd, sem því nemur. Engar líkur eru á því að rannsakendur ofnoti vísindasiðanefnd og rannsakendur hafa ekki val um að velja milli vísindasiðanefnda. Einfaldast er því að hið opinbera styrki starfsemi hennar beint. Hætta er á að annars vinni reglan gegn framkvæmd vísindarannsókna. Undantekningar gætu verið á þessu ef um einkaaðila eða fyrirtæki er að ræða. Lífvísindasetur Háskóla Íslands mótmælir því harðlega áformum um gjaldtöku fyrir meðferð mála hjá Vísindasiðanefnd.

Umsögn Lífvísindaseturs Háskóla Íslands veittu (í stafrófröð):

Pétur Henry Pétursson (sign), dósent við Læknadeild HÍ, phenry@hi.is
Sigríður Klara Böðvarsdóttir (sign), forstöðumaður Lífvísindaseturs HÍ, skb@hi.is
Stefán Þórarinn Sigurðsson (sign), dósent Læknadeild HÍ, stefsi@hi.is
Þórarinn Guðjónsson (sign), prófessor við Læknadeild HÍ, tgudjons@hi.is